



Reykjavík 19. janúar 2016
Tilv. 1512035/7.4

Reglur um úthlutun verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna vegna skönnunar- og miðlunarverkefna

1. gr.

Hlutverk og markmið

Þjóðskjalasafn Íslands úthlutar til héraðsskjalasafna verkefnastyrkjum til skönnunar og miðlunar valdra skjalaflokka. Til úthlutunar er fjárhæð sem tilgreind er í fjárlögum undir liðnum (02-903) 1.11. Markmið verkefnastyrkjanna er að stuðla að miðlun heimilda á héraðsskjalasöfnum. Öll héraðsskjalasöfn geta sótt um þessa verkefnastyrki.

2. gr.

Auglýsingar og umsóknir

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir, með bréfi til héraðsskjalasafna í janúar ár hvert, eftir umsóknum um verkefnastyrki til skönnunar og miðlunar valdra skjalaflokka. Umsóknarfrestur skal tiltekinn í auglýsingu og skal hann að jafnaði vera a.m.k. fjórar vikur.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um tilgang og hlutverk verkefnastyrkjanna og helstu atriði sem litið verður til við mat á umsóknum. Heimilt er að leggja áherslu á tiltekna þætti við mat á umsóknum og skal gerð grein fyrir þeim í auglýsingu hverju sinni.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði, sem vísað skal til í auglýsingu. Í umsókn skal koma fram hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
 - Nafn þess, er annast samskipti við Þjóðskjalasafn Íslands vegna umsóknar.
 - Lýsing verkefnisins.
 - Verk- og tímaáætlun.
 - Kostnaðaráætlun, þar sem fram koma m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, eigið framlag, mögulega hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða sótt hefur verið um.
 - Staðfest gögn frá samstarfsaðilum og önnur þau gögn sem styðja umsókn.
- Þjóðskjalasafni er heimilt að óska eftir frekar upplýsingum um verkefnið ef þurfa þykir.

3. gr.

Mat á umsóknum

Þjóðskjalasafn Íslands leggur faglegt mat á gæði verkefna og metur umsóknir með tilliti til hversu vel þær eru unnar og rökstuddar. Þriggja manna matsnefnd, sem þjóðskjalavörður skipar, gerir tillögur um úthlutun og upphæð styrkja.

Hafi umsækjandi áður fengið verkefnastyrk frá Þjóðskjalasafni þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrksins áður en ný umsókn er tekin til afgreiðslu. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

4. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Þjóðskjalasafn Íslands sendir héraðsskjalasöfnum sem hljóta verkefnastyrk tilkynningu um styrkveitinguna og fyrirkomulag hennar. Með því að taka á móti styrknum lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn.

Jafnframt skuldbindur styrkþegi sig til að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri og hlíta öðrum skilmálum styrksins.

5. gr.

Gildistaka.

Úthlutunarreglur þessar eru settar af þjóðskjalaverði og taka gildi 19. janúar 2016.

Þjóðskjalasafni Íslands, 19. janúar 2016

Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður